

Stjórnarfundur Fáks 12. febrúar 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

1. Framkvæmdir á Fákssvæðinu

Farið yfir fyrirbyggjandi verkefni á Fákssvæðinu fyrir landsmót og ýmislegt annað sem brýnt er að ganga í sem fyrst. Fundað verður með forsvarsmönnum húsfélaganna þriggja á félagssvæðinu til fá húsfélögin með í það að halda hverfinu snyrtilegu og í góðu standi. Áskell Heiðar, framkvæmdastjóri LM2018, mun kynna viðburðinn fljótlega fyrir Fákshúsfélögum og gefst þá tækifæri til að hvetja alla Fákshúsfélaga til að leggja sitt af mörkum við að koma svæðinu í gott stand fyrir landsmót auk þess að fá félagsmenn til að bjóða sig fram í ýmis sjálfböðastörf á landsmótinu.

2. Reiðskólarnir

Fyrir liggur að ræða við forsvarsmenn reiðskólanna á svæðina um endurnýjun samninga en eldri samningum var sagt upp í haust.


3. Deiliskipulag í Almannadal

Breytingar á deiliskipulagi í Almannadal eru vel á veg komnar og verða lagðar fyrir Reykjavíkurborg á næstunni.

4. Fjármál félagsins

Rætt um fjármál félagsins og hugsanlega ráðningu hlutastarfsmanns á skrifstofu Fáks. Von er á uppgjöri síðasta árs frá bókara á næstu dögum. Stjórn Fáks samþykkir einróma að taka upp þá reglu að allir reikningar yfir 300.000 kr skulu vera samþykktir af stjórninni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.



Heiðrún Sigurðardóttir